

Tillaga til þingsályktunar

um endurskoðun laga um sjávarflóðavarnir, ofanflóðavarnir og náttúruvá.

Flm.: Dagur B. Eggertsson, Ása Berglind Hjálmarsdóttir, Halla Hrund Logadóttir, Sigmundur Ernir Rúnarsson, Sandra Sigurðardóttir, Dagbjört Hákonardóttir, Jónína Björk Óskarsdóttir, María Rut Kristinsdóttir, Sigurður Helgi Pálmason, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Eiríkur Björn Björgvinsson, Ásthildur Lóa Þórsdóttir, Víðir Reynisson, Kolbrún Áslaugar Baldursdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða lagalega umgjörð um áhættumat, áætlunargerð og fjármögnun innviðauppbýggingar og annarra aðgerða vegna sjávarflóða og eftir atvikum annarrar náttúruvá.

Markmið endurskoðunar verði m.a. eftirfarandi:

1. Að lagt verði mat á hvort umgjörð og lög um ofanflóð og ofanflóðasjóð (lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum) henti einnig sem umgjörð um áhættumat, áætlunargerð og fjármögnun innviða og aðgerða vegna sjávarflóða.
2. Að lagt verði fram frumvarp um varnir gegn sjávarflóðum með lögum sem nái til ofanflóða og sjávarflóða sameiginlega eða í einni heildarlöggjöf um náttúruvá, þar sem saman fari varnir gegn ofan- og sjávarflóðum, eldvirkni og annarri náttúruvá, svo sem með byggingu varnargarða.
3. Að málaflokkum ofanflóða og sjávarflóða og hugsanlega annarrar náttúruvá verði fundinn staður í einu ráðuneyti, svo sem innviðaráðuneyti eða umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti, til að hámarka skilvirkni.
4. Að stofnaður verði sérstakur sjóður um sjávarflóð, starfssvið ofanflóðasjóðs útvíkkað til að ná utan um sjávarflóð eða ný stofnun sett á laggirnar sem beri heildarábyrgð á áhættumati og vörnum gegn náttúruvá.
5. Að sama stofnun beri ábyrgð á að unnið sé áhættumat á sjávarflóðum, ofanflóðum og eftir atvikum hvers kyns náttúruvá á Íslandi og undirbúningi framkvæmda og áætlunargerðar vegna þeirra, forvarna og annarra viðbragða.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var áður lögð fram á 157. löggjafarþingi (227. mál) en var ekki afgreidd.

Varnir gegn ofanflóðum hafa verið verkefni stjórnvalda um áratugaskeið. Til að mæta þeim áskorunum og áföllum af völdum ofanflóða sem dunið hafa á íslensku samfélagi í áranna rás setti Alþingi ný lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum sem tóku gildi 1997. Með lögunum var sett á laggirnar ofanflóðanefnd sem hefur yfirumsjón með gerð hættumats og ákvarðanatöku varðandi byggingu varnarmannvirkja á íbúðarsvæðum sem stafar hættu af ofanflóðum og ofanflóðasjóði falið að fjármagna framkvæmdirnar. Sú ráðstöfun hefur gefið góða raun að mati umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra líkt og ráðherra lýsir í skriflegu svari við fyrirspurn fyrsta flutningsmanns á 156. löggjafarþingi (þingskjal

285, 139. mál). Í svarinu er jafnframt vísað í að langt sé síðan lögin hafi verið samþykkt og þarft sé að uppfæra lög og reglugerðir um ofanflóðavarnir ásamt því að tímabært sé að móta heildstæða stefnu um náttúruvá.

Fyrstu helgi marsmánaðar 2025 flæddi sjór upp á land víða á suðvesturhluta landsins og olli gríðarlegu tjóni á mannvirkjum, innviðum og munum. Innviðaráðuneytið vinnur að ástandsskoðun sjóvarna á þeim svæðum sem verst urðu úti samkvæmt svari við fyrirspurn fyrsta flutningsmanns á 156. löggjafarþingi (þingskjal 431, 140. mál).

Á árunum 2015–2023 greiddi Náttúruhamfaratrygging Íslands (NTÍ) út 432.123.134 kr. í bætur vegna sjávarflóða en sú tölfræði nær eingöngu til tjóna sem bótaskyld eru hjá NTÍ. Ætla má að rauntjónið sé meira. Ekki liggur fyrir hvert tjónið var af flóðunum í mars 2025.

Sjávarflóð og öfgar í veðri eru hluti af loftslagsbreytingum á Íslandi og á heimsvísu sem þarf að gera ráð fyrir, leggja mat á og búa samfélagið undir að geti aukist. Ekki er til heildstætt áhættumat á hættu af sjávarflóðum við strendur Íslands en núverandi fyrirkomulag gerir ráð fyrir að sveitarfélög sækji um ríkisframlag til byggingar sjóvarna. Vegagerðin forgangsraðar umsóknum og gerir tillögu að verkefnum á samgönguáætlun. Ríkissjóður greiðir allt að $\frac{7}{8}$ hluta þeirra sjóvarnaframkvæmda sem eru á framkvæmdaröðun samþykkrar samgönguáætlunar. Viðkomandi sveitarfélag eða landeigandi greiðir hina hlutdeildina. Byggð svæði sem standa á manngerðum fyllingum njóta ekki ríkisframlags enda eiga sjóvarnir þar að vera hluti af byggingu fyllingarinnar sem lóðargjöld og aðrir tekjustofnar eiga að standa undir. Verkefnum er forgangsraðað með hliðsjón af eftirfarandi þáttum:

- Ölduálag og flóðahætta (lítill – mikil hætta).
- Fjarlægð frá sjávarkambi (mæld frá 10 m upp í 120 m).
- Verðmæti sem á að verja (t.d. beitoland, mannvirki, íbúðarbyggð).

Á hverju ári njóta um 10–15 verkefni ríkisframlags og stærri verkefnum er áfangaskipt til að hægt sé að ráðast í fleiri framkvæmdir. Í einstaka stærri verkefnum hefur sérstök fjárveiting frá ríkinu verið veitt enda kostnaður mun hærri en árleg fjárveiting til sjóvarna.

Beðið er heildstæðrar áætlunar stjórnvalda um aðlögun að loftslagsbreytingum. Reykjavíkurborg gaf út skýrslu 28. september 2017 um áhættuþætti vegna loftslagsbreytinga í Reykjavík,¹ en samkvæmt skýrslunni er hækkun sjávarborðs ein helsta ógnin í sveitarfélaginu af völdum loftslagsbreytinga. Miðað við afleiðingar sjávarflóða sem lýst er að framan má álykta að önnur sveitarfélög búi við sömu hættu. Sambland af landsigi á suðvesturhorni landsins og hækkandi sjávarstöðu veldur því að sjór gengur lengra inn á land og eykur líkur á tjóni þegar krappar lægðir og há sjávarstaða fara saman.

Með tilliti til framangreindra þátta telja flutningsmenn tilefni til þess að skoða lagaumgjörð og fyrirkomulag þessara mála: Í fyrsta lagi að fella sjávarflóð undir ofanflóðasjóð og í öðru lagi að kanna kosti þess að stofna sérstakan Náttúruhamfarasjóð sem fari með umsjón með áhættumati vegna ofanflóða og sjávarflóða en einnig vegna hvers kyns náttúruvá á Íslandi ásamt því að fjármagna varnir og viðbrögð gegn náttúruvá, svo sem gerð varnargarða hvers konar. Líta má til ofanflóðanefndar og ofanflóðasjóðs sem fyrirmyndar í því samhengi og styðjast við það fyrirkomulag sem gefið hefur góða raun en endurskoða annað.

¹ https://reykjavik.is/sites/default/files/ahaettuthaettir_vegna_loftslagsbreytinga_i_reykjavik_-_skyrsla.pdf